

Stórsýningin Verk og vit 2018



Íslenskur byggingariðnaður,
skipulagsmál og mannvirkjagerð

Laugardalshöll 8.–11. mars

STÆRSTA FAGSÝNING ÁRSINS

SAMSTARFSADILAR



ÁTVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



BYKO





Nær uppselt á Verk og vit

Nær uppselt er á sýningar svæði stórsýningarinnar Verk og vit sem haldin verður í fjórða sinn dagana 8.-11. mars 2018 í íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal. Sýningin er tileinkuð byggingariðnaði, skipulagsmálum, mannvirkjagerð og tengdum greinum.

„Við finnum fyrir miklum áhuga á sýningunni og nú tveimur mánuðum fyrir opnun er sýningar svæðið nær uppselt. Það er gaman að sjá hve mikill hugur er í sýnendum og margir þeirra búa til að hanna sýningar svæði sitt nú þegar. Samtök iðnaðarins, samstarfsaðilar sýningarinnar, benda á að það sé afar mikilvægt þegar litið er til næstu missera að ráðast í innvið- framkvæmdir á ýmsum sviðum til þess að undirbygginga hagvöxt til lengri tíma. Vega þar byggingariðnaður og mannvirkjagerð þungt,“ segir Ingi-



Ingibjörg Gréta Gísladóttir, framkvæmdastjóri stórsýningarinnar Verk og vit.

björg Gréta Gísladóttir, framkvæmdastjóri sýningarinnar, og bendir jafnframt á að sýnendur á Verki og viti séu tilbúnir í það verkefni.

Tilvalið tækifæri

„Við fundum strax fyrir miklum meðbyr sem staðfestir það hve sýningin er góður vettvangur fyrir fagaðila til að hittast, kynna vörur sínar og þjónustu og mynda viðskiptatengsl. Það er gaman að sjá hve mörg áhugaverð verkefni verða kynnt á sýningunni enda er hún tilvalið tækifæri til að koma fyrirtækjum, verkefnum og þjónustu við bygginga- og mannvirkjagerð á framfæri bæði innbyrðis og til almennings,“ segir Ingibjörg Gréta.

Um 23.000 gestir sóttu sýninguna í Laugardalshöll árið 2016 þar sem um 100 fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög kynntu vörur sínar og þjónustu. Mjög vel tókst til með sýninguna þá og var mikil ánægja á meðal sýnenda.

Fjölbreyttir viðburðir

Sýningin er ætluð framleiðendum og innflytjendum sem koma að bygginga- og mannvirkjagerð á ýmsum stígum, s.s. sveitarfélögum, verkþökum, iðnaðar- og þjónustufyrirtækjum, hönnuðum og ráðgjöfum. Fyrstu tvo dagana, 8. og 9. mars, verður sýningin opin fyrir fagaðila en helgina 10.-11. mars verður almenningur einnig boðinn velkominn. Sem dæmi um sýnendur má nefna verkfræðistofur, tækjaleigur, skóla, fjármálafyrirtæki, ráðgjafarfyrirtæki og sveitarfélög.

Fjölbreyttir viðburðir verða haldnir samhliða sýningunni og verða þeir kynntir þegar nær dregur. Framkvæmdaraðili sýningarinnar er AP almannatengsl en samstarfsaðilar eru atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Reykjavíkurborg, Samtök iðnaðarins, BYKO og Landsbankinn.

Vinna bug á myglu og rakaskemmdum

Fyrirtækið Thermo Tec byrjaði að þróa nýtt milliveggjakerfi árið 2015 með það að leiðarljósi að vinna bug á þeim erfiðleikum sem hafa verið að koma í ljós í hefðbundnum veggjakerfum, það er myglu, rakaskemmdum og bágrri hljóðvist. Thermo Tec er með CE vottun á framleiðslu og gæðakerfum frá British Standard Institution (BSI). Thermo Tec verður nú með í fyrsta skipti á sýningunni Verk og vit.

„Við erum mjög spennir fyrir sýningunni og það er mikill hugur í okkur. Við ætlum að kynna fyrirtækið og okkar íslensku hönnun, handverk og framleiðslu. Við munum m.a. kynna i-Tec 300 sem er milliveggja kerfi er framleitt úr Politerm Blul léttsteypu sem þróuð var hjá Ítalska

félaginu Edilteco group. Politerm Blu er blanda af EPS plastkúlun sem eru grunn- aðar með einkaleyfisvörðum EIA grunni frá Ediltec og Portland sementi,“ segir Barði Kárason, hönnunarstjóri Thermo Tec.

„Thermo Tec hóf að þróa Politerm Blu blönduna áfram árið 2015 með það markmið að hún nýttist sem hráefni í innveggjakerfi félagsins. Sú þróun leiddi af sér steypublöndu sem við köllum Politerm Blu Tec. Nafn innveggjakerfisins i-Tec 300 er þannig til komið að i stendur fyrir innveggir og Tec er vísun í þá steypublöndu sem notuð er, 300 vísar svo til sementsmagns í rúmmetra steypu. Innveggjakerfið og framleiðslutækin sem notuð eru voru

hönnuð og smíðuð hér á landi af Thermo Tec.

„Rekja má hugmyndina um að nota EPS léttsteypu í forsteyptar einingar til ársins 2006. Tveimur árum síðar var komið að því að fara í tilraunaframleiðslu og frekari þróun samhliða henni en verkefninu var síðan sjálfhætt vegna stöðunnar á íslenska byggingamarkaðinum á þeim tímapunkti. Árið 2015 var síðan þráðurinn tekinn upp aftur en þó með þeim formerkjum að byrja þróunina alveg upp á nýtt og út frá nýjum forsendum.

Thermo Tec hóf þá vegferð að þróa nýtt milliveggjakerfi með það að leiðarljósi að vinna bug á þeim erfiðleikum sem voru æftar að koma í ljós og valda mönnum vandræðum í hefðbundnum veggjakerfum, það



Barði Kárason, hönnunarstjóri Thermo Tec.

er myglu og rakaskemmdum og bágrri hljóðvist,“ segir Barði. „Þótt ljóst væri að fjallið væri bratt var lagt af stað í þessa vegferð með nesi og nýja skó og það voru stoltir starfsmenn Thermo Tec sem í lok árs 2016 höfðu komist á leiðarenda og skapað vöru sem stóðst fullkomlega ströngustu kröfur. Vottun framleiðsluferla og gæðakerfis lauk svo í mars 2017 og er fyrirtækið vottað af British Standards Institution,“ segir Barði enn fremur og bætir við að almenn sala á kerfinu hafi hafist í upphafi árs 2017.



HVAÐ ER PLANIÐ Í SUMAR?

Steypustöðin verður meðal þátttakenda á sýningunni Verk og vit í Laugardalshöllinni 8.-11. mars.
Við hlökkum til að sjá ykkur og kynna úrval okkar í hellum og hina ýmsu möguleika í steypu.



Verk og vit 2018

Malarhöfða 10 • 110 Reykjavík • s:4 400 400 • steypustodin@steypustodin.is • www.steypustodin.is



STEYPUSTÖÐIN

Mikilvæg sýning fyrir atvinnugreinina

Sýningin Verk og vit er að mörgu leyti uppskeruhátíð þeirra fjölmörgu aðila sem koma að byggingariðnaði, skipulagsmálum og mannvirkjagerð. Félagsmenn Samtaka iðnaðarins taka margir þátt en þar má t.d. nefna framleiðendur, hönnuði, ráðgjafa og verktaka af ýmsum gerðum. Mikill áhugi var á sýningunni 2016 og á það einnig við að þessu sinni,“ segir Jóhanna Klara Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs hjá Samtökum iðnaðarins.

Jóhanna segir að ástæðan sé kannski fyrst og fremst sú að þróun í þessari atvinnugrein sé mjög hröð auk þess sem mörg ný fyrirtæki hafi nú hafið starfsemi. „Til marks um það má geta að fjöldi fyrirtækja í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð var 4.811 árið 2016 og fjölgaði þeim um 295 frá fyrra ári. Hafði fyrirtækjum þá fjölgað um 674 frá því 2012 eða frá þeim tíma sem fjárfestingar í hagkerfinu fóru að taka við sér aftur. Það eru hvorki meira né minna en ríflega 6,7% allra fyrirtækja í landinu sem starfa í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð.“

„Við viljum einnig nota tækifærið og hvetja allt ungt fólk sem áhuga hefur á störfum innan greinarinnar til að fara á sýninguna og upplifa hvað þessi atvinnugrein er fjölbreytt og skemmtileg. Það er mikið hagsmunamál að vekja áhuga framtíðarinnar á því sem þarna fer fram í þeim tilgangi að fá nýtt og áhugasamt fólk inn í stéttina. Þá er einnig vert að nefna að tæplega 6,8% allra launþega í landinu voru í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð á fyrstu tíu mánuðum ársins í fyrra. Rímar það við hlutdeild greinarinnar í verðmætasköpun í hagkerfinu sem einnig var 6,8% á árinu 2016. Það ætti því ekki að koma



Jóhanna Klara Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs hjá Samtökum iðnaðarins.

neinum á óvart að það er mikill áhugi á sýningunni og nú þegar eru nánast öll sýningarrýmið uppseld,“ segir hún.

Nýjar og fjölbreyttar byggingaraðferðir

Jóhanna segir að atvinnugreinin sé að taka mjög hröðum breytingum erlendis og hér heima, m.a. með tilkomu nýrra tæknilausna, krafna um aukna vitund í umhverfismálum og aukna áherslu á samfélagsábyrgð. Sýningar á borð við Verk og vit gefi því fólki ekki aðeins tækifæri á að kynna þessar nýjungar sem gerir þeim kleift að auka samkeppnishæfni sína heldur einnig að fá yfirsýn hvað varðar nýjar og fjölbreyttar byggingaraðferðir og lausnir.

„Við getum þó gert betur og Samtök iðnaðarins hafa m.a. talað fyrir því að

auka rannsóknir í byggingariðnaði enn frekar hér á landi. Þá er einnig mikilvægt að við stuðlum að frekari nýsköpun á þessu sviði og hvetjum til þess að atvinnulífið komi með lausnirnar. Finna þarf leiðir til að vera með samhæfðari aðgerðir í þeim tilgangi að stytta framleiðslutíma, auka sveigjanleika í kerfinu og leita leiða til að lækka byggingarkostnað,“ segir Jóhanna.

Hún bendir á að byggingargeirinn hér á landi sé mjög mikilvægur í íslensku atvinnulífi og hann eigi stóran þátt í hagvextinum um þessar mundir. Aukningin í veltu sé 14,4% á milli ára og er því ein sú mesta meðal atvinnugreina hagkerfisins. Veltan í greininni var um 7,2% af heildarveltu allra atvinnugreina hagkerfisins á þessum tíma í fyrra samanborið við 6,4% á sama tíma 2016. Jóhanna segir að

þetta undirstriki mikilvægi greinarinnar í hagvexti tímabilsins og auknið vægi í verðmætasköpuninni.

Mikil uppbygging

„Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá neinum að mikil uppbygging á sér nú stað. Mikið hefur hvílt á byggingariðnaðinum í uppbyggingu innviða sem hefur verið grundvöllur þess mikla vaxtar í þjónustuútflutningi sem einkennt hefur þessa uppsveiflu. Hafa fyrirtæki í greininni, svo dæmi sé tekið, staðið í ströngu við uppbyggingu gistirýmis fyrir ferðamenn á sama tíma og mikil þörf er á nýju íbúðarhúsnæði til að mæta almennri fólksfjölgun í landinu. Einnig má nú búast við uppbyggingu á nýju atvinnuhúsnæði sem eru nú að færast fjær íbúðarbyggð,“ segir hún.

Jóhanna nefnir að með örum vexti greinarinnar komi auðvitað vaxtaverkir sem mikilvægt sé að allir sem koma að uppbyggingu greinarinnar taki sam-eiginlega á. „Uppbyggingunni fylgir t.d. mikill fjöldi nýrra starfsmanna sem þarf að hlúa að og fræða. Til að setja þetta í samhengi þá var heildarfjöldi launþega í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð 10.700 á árinu 2016 samanborið við 7.200 árið 2012. Fjölgunin er því um 3.500 launuð störf eða tæplega 15% af heildarfjölgun launþega í hagkerfinu á þeim tíma. Á síðasta ári hélt svo þessi fjölgun áfram og að meðaltali voru um 12.360 launþegar í greininni á fyrstu tíu mánuðum þess árs sem er 17% aukning frá sama tíma 2016. Það er því óhætt að fullyrða að greinin er ein þeirra sem upplifðu hvað mestan vöxt á síðasta ári en vöxturinn vó um 22% af heildarfjölgun launþega í öllum atvinnugreinum hagkerfisins á fyrstu tíu mánuðum síðastliðins árs.“

Áherslan á límtré og steinullareiningar

„Tilgangurinn með okkar þátttöku á Verk og vit er sá að vera sýnilegir, auka þekkingu markaðarins á okkar vörum og þjónustu sem og að sýna aðilum byggingarmarkaðarins að við séum raunhæfur og góður kostur. Áhersla okkar á sýningunni verður lögð á límtré og steinullareiningar,“ segir Andri Daði Aðalsteinsson, markaðsstjóri fyrirtækisins Límtré Vírnet. Fyrirtækið hefur framleitt límtré í 35 ár og yleiningar í yfir 20 ár. Límtré Vírnet setti hins vegar upp nýja framleiðslulínu á Flúðum árið 2016 og hóf þá framleiðslu á nýjum steinullareiningum sem eru sérhannaðar fyrir

íslenskt veðurfar. Þessi framleiðslueining er sú eina sinnar tegundar hér á landi að sögn Andra og útbúin nýjustu tækni.

Ein stærsta fjárfestingin

„Þetta er ein stærsta fjárfesting sem fyrirtækið hefur farið í fram að þessu. Fyrirtækið er einnig þekkt fyrir að framleiða saum en hætti þeirri starfsemi síðastliðið sumar. Þess í stað erum við að láta framleiða saum fyrir okkur núna í Kína, eftir sömu uppskrift og stöðlum sem fyrirtækið framleiddi áður. Sú vara mun einmitt koma inn á markaðinn á svipuðum tíma og sýningin er. Sýningin

verður einnig notuð til þess að kynna þennan saum og erum við því fullhlökkunar að sjá viðbrögðin,“ segir Andri.

Límtré Vírnet festi kaup á fyrirtæki sem heitir Bindir og stál fyrir um ári síðan og rann það fyrirtæki saman við Límtré Vírnet nú um áramótin. „Þar erum við að auka vöruúrval fyrirtækisins og fara inn á hluta byggingamarkaðarins sem við vorum ekki á áður. Fyrirtækið sem við keyptum sérhæfir sig í beygingu á kambstáli ásamt ýmsum öðrum vörum sem því fylgir. Við munum einnig kynna þetta nánar á sýningunni.





Andri Daði Aðalsteinsson, markaðsstjóri Límtré Vírnet.

Það er mikið um að vera hjá fyrirtækinu því við erum einnig að sameina starfsstöðvar okkar á höfuðborgarsvæðinu undir einn hatt í nýju húsnæði fyrirtækisins að Lynghálasi 2. Verður sú breyting til mikilla þægindaaukningar bæði fyrir fyrirtækið og viðskiptavinum,“ segir Andri enn fremur.



Höfum stórukið úrval
bremsuvarahluta fyrir
vagna, rútu- og vörubifreiðar




et EHF. VERSLUN

Klettagörðum 11 • 104 Reykjavík
S: 5682130 • Fax: 5680844 • www.et.is

et EHF. VERSLUN

Frábært úrval díóðu (LED) vörubíla og kerruljósa á góðu verði



Klettagörðum 11 • 104 Reykjavík
S: 5682130 • Fax: 5680844 • www.et.is



Davíð Björnsson, forstöðumaður mannvirkjafjármögnunar og ferðaþjónustu á Fyrirtækjavíði Landsbankans.

Landsbankinn á heimavelli

Landsbankinn hefur verið samstarfsaðili sýningarinnar Verk og vit frá upphafi. Sýningin hefur vaxið ört og reynsla bankans af þátttöku í sýningunni er mjög góð. Fyrir bankann er þetta einstaktækifæri til að hitta breiðan hóp viðskiptavina, sýna hvað bankinn hefur fram að færa en ekki síður að sjá og heyra hvað aðrir eru að fást við. „Landsbankinn hefur lengi haft mjög sterka stöðu í hvers konar mannvirkjafjármögnun. Bankinn hefur verið umsvifamestur í fjármögnun nýrra íbúðabygginga og hótélbygginga. Um

síðustu áramót var bankinn með yfir 90 stór fjármögnunarverkefni á þessu sviði í gangi á vegum um 60 verktakafyrirtækja. Yfir 80 verkefnanna snúa að byggingu nýs íbúðarhúsnæðis og skila verkefni um 2.900 íbúðum inn á markaðinn á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi, Akranesi og Reykjanesbæ á árunum 2018 og 2019,“ segir Davíð Björnsson, forstöðumaður mannvirkjafjármögnunar og ferðaþjónustu á Fyrirtækjavíði Landsbankans. „Í ljósi þessarar stöðu sinnar leggur Landsbankinn mikla áherslu á að vera sýnilegur og aðgengilegur á sýningunni.

Það er mikilvægt fyrir okkur að hitta einstaklinga, fyrirtæki og hagsmunaaðila í greininni, fara yfir málin og ræða áhugaverð verkefni,“ segir Davíð.

Breitt vöru- og þjónustuframboð

Landsbankinn býður ekki aðeins verk-tökum upp á margvíslegar fjármögnun-arleiðir vegna mannvirkjaframkvæmda, heldur stendur fyrirtækjum og einstaklingum einnig til boða hagstæð bíla- og tækjafjármögnun. Í boði eru bílalan, bílasamningar og kaupleiga allt eftir því hvað hentar hverju sinni.

Íbúðalán til einstaklinga eru fjölbreytt og sniðin að ólíkum þörfum og markmiðum viðskiptavina. Í boði eru samkeppnishæf lán, bæði verðtryggt og óverðtryggt, og er lánað fyrir allt að 85% af verðmæti fasteigna.

Ráðgjöf og þjónusta í tengslum við fjölbreytt vöruval og mismunandi þarfir viðskiptavina er í höndum reyndra sérfræðinga bankans. Þeir verða á sýningarbás Landsbankans alla dagana, tilbúnir til skrafs og ráðaða um jafnt stór sem smá verkefni.



Vel heppnuð sýning árið 2016

Mjög vel tókst til með síðustu Verk og vit sýningu sem haldin var árið 2016 í Laugardalshöll. Um 23.000 gestir sóttu sýninguna þá þar sem um 100 fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög kynntu vörur sínar og þjónustu. Sem dæmi um sýnendur má nefna byggingarverktaka, verkfræðistofur, tækjaleigur, skóla, fjármálafyrirtæki, ráðgjafarfyrirtæki og sveitarfélög. Nær uppselt er á Verk og vit sem haldin verður í fjórða sinn dagana 8.–11. mars 2018 í Laugardalshöll.

Stórsýningin Verk og vit 2018

Íslenskur byggingariðnaður,
skipulagsmál og mannvirkjagerð

Laugardalshöll 8.–11. mars



STÆRSTA FAGSÝNING ÁRSINS

Stórsýningin Verk og vit verður haldin í fjórða sinn dagana 8.–11. mars. Sýningin er ætluð þeim sem koma að bygginga- og mannvirkjagerð á ýmsum stigum, s.s. sveitarfélögum, verktökum, iðnaðar- og þjónustufyrirtækjum, menntastofnunum, hönnuðum og ráðgjöfum.

Sýning • ráðstefna • viðburðir

Allt það nýjasta í íslenskum byggingariðnaði, skipulagsmálum og mannvirkjagerð.



OPNUNARTÍMI FAGAÐILAR ALMENNIR GESTIR

Fimmtud. 8. mars	kl. 17-21	
Föstud. 9. mars	kl. 11-19	
Laugard. 10. mars	kl. 11-17	kl. 11-17
Sunnud. 11. mars	kl. 12-17	kl. 12-17

Verð aðgöngumiða kr. 2.500 kr. 1.500

Aðgöngumiði fagaðila gildir alla sýningardagana

Nánari upplýsingar á
verkogvit@verkogvit.is
og í síma 514 1430

www.verkogvit.is

Framkvæmdaraðili: AP almannatengsl

Verk og vit • Laugavegi 182 • 105 Reykjavík • sími 514 1430 • www.verkogvit.is

SAMSTARFSADILAR



ATVINNUEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



BYKO





www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er sérhæft fyrirtæki í flutningum og björgun ökutækja.
Ef bíllinn þinn bilar er mikilvægt að fá fagmenn til að flytja bílinn á réttan og öruggan hátt.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- Björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bila eða flytja þarf þá á verkstæði



KRÓKUR
á þinni leið

Suðurhraun 3, 210 Garðabær